

**Þingsályktun**

**um eflingu íþróttaiðkunar kvenna.**

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak til að efla íþróttaiðkun kvenna. Áhersla verði lögð á mikilvægi íþróttá í líkamlegu og félagslegu uppeldi og sem fyrirbyggjandi aðgerðir til að bæta heilsu og vinnuþrek. Fjárframlög ríkisins til íþróttá skulu veitt með það að markmiði að gera íþróttaiðkun kvenna og karla jafnhátt undir höfði.

*Samþykkt á Alþingi 18. maí 1992.*